

Fundargerð

6. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, fimmtudaginn 23. september 2004, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Einar Kr. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1) Fundargerð 5. fundar stjórnar. Samþykkt.

2) Stjórnun, fjármál og rekstur.

- a) Starfsmannamál. Stefán og Unnur hafa átt fundi með öllum starfsmönnum FRÍ. Ákvarðanir vegna starfsmannamála verði teknar í framhaldi af stefnumótunarumræðum í næsta mánuði.
- b) Stefnumótunarumræða. Unnur taldi að mikilvægt væri að taka eina helgi í þessa umræðu, en erfitt að finna helgi sem flestir geta komið. Stefán lagði til að skoða að taka þetta í þremur hlutum t.d. tvo kvöldfundi og svo langan lokafund um helgi. Málefni verði íþróttastefna, Fjármál, fjölmiðlamál og aðstöðumál. Unnur komi með tillögu að hentugri dagsetningu fyrir fundinn.
- c) Bókhald. Lagður fram saldólisti fyrir tímabilið 1.jan. til 16.sept. 2004. Hagnaður um 1.7m er af rekstri sambandsins á þessu tímabili.
- d) Lagðar fram hugmyndir varðandi eflingu á frjálsum íþróttum frá Guðmundi Kristinssyni.

3) Þing og fundir.

- a) Aukáþing FRÍ. Samþykkt að Aukáþing FRÍ fari fram laugardaginn 6. nóv. nk. í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal.
- b) EAA Calendar þing í Tallinn 14.-17.okt. nk. Samþykkt að Stefán Halldórsson, Gunnlaugur Karlsson, Guðmundur Kristinsson og Egill Eiðsson sækji þingið í Tallinn að þessu sinni. Jónas Egilsson sækir þingið fyrir hönd EAA. Þá mun Pétur Óli Gíslason einnig sækja þingið fyrir hönd Storm events.
- c) EAA Calendar þing á Íslandi 2005. Samþykkt tillaga um eftirfarandi aðila í framkvæmdanefnd vegna þingsins á næsta ári: Stefán Halldórsson, formaður, Einar K. Jónsson, Gunnlaugur Karlsson, Guðmundur Kristinsson, Pétur Óli Gíslason, auk tveggja til viðbótar sem verða skipaðir síðar.
- d) Norðurlandafundur framkv.stj. 1.-2.okt. nk. Samþykkt að framkvæmdastjóri sækji fundinn í Helsinki.
- e) Norræni Tækninefndarfundurinn 20.-21.nóv. nk. Fulltrúi Íslands í nefndinni, Þorsteinn Þorsteinsson sækir fundinn í Osló. Skoða frekar hvort annar aðili sækji fundinn með Þorsteini.

4) Lyfjamál.

Formaður og Birgir Guðjónsson gerðu grein fyrir lyfjamálum. Birgir hefur verið að vinna að samþjöppun á reglum um lyfjamál í Læknanefnd IAAF. Hann mun senda þær á stjórnarmenn þegar það er búið, en hann er á leiðinni til Prag um helgina á fund í Læknanefndinni.

5) Innsend erindi/mál.

- a) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 16.sept. sl., vegna Kvennahlaups ÍSÍ, þar sem óskað er eftir að FRÍ skipi fulltrúa í vinnuhóp vegna endurskoðunar á hlaupinu. Samþykkt að Unnur Sigurðardóttir verði fulltrúi FRÍ í vinnuhópnum og Einar K. Jónsson verði varamaður hennar.
- b) Bréf frá fjálsípróttadeild FH, dagsett 19.sept. sl., vegna móttöku sem deildin, ásamt aðalstjórn FH heldur til heiðurs Þóreyju 27. sept. nk. Samþykkt að afhenda Þóreyju viðurkenningu frá FRÍ við þetta tækifæri.
- c) Bréf frá Þráni Hafsteinssyni, dagsett 7.sept. sl., þar sem hann sækir um að fá styrk EACA vegna þjálfaranámskeiðs EACA á Ítalíu. Samþykkt að Þráinn hljóti styrkinn.

6) Önnur mál.

- a) Rætt um fjálsípróttaaðstöðuna í Laugardal.
- b) Birgir greindi frá fundi í Tækninefnd FRÍ. Samþykkt tillaga Tækninefndar um á hvaða mótum FRÍ skuli leggja til yfirdómara á í framtíðinni:
Innanhúss: Meistaramót fullorðinna og MÍ 15-22 ára.
Utanhúss: Meistaramót aðalhluta og MÍ í fjölþrautum, MÍ 15-22 ára, Bikarkeppni FRÍ, 1.deild og Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri.
Framkvæmdastjóri sendi þessar upplýsingar til sambandsaðila.

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.